



FIMMTUDAGUR 18. FEBRÚAR 2021

Tíska



Tískuvikan í Kaupmannahöfn fór fram með óhefðbundnum hætti fyrr í þessum mánuði. Haust- og vetrartískan 2021-2022 var þar sýnd í gegnum streymi á vefnum. Samkvæmt myndum verður tískan glæsileg. ➔4



Hjónin og prófessorarnir Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson með starfsfólki í höfuðstöðvum TARAMAR í Sandgerði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Endurræsa húðfrumur og öðlast yngri húð

Þegar dr. Guðrún Marteinsdóttir sá fyrstu hrukkurnar birtast á andliti sínu ákvað hún að leita að hreinum æskubrunni í íslenskum sjó. Afraksturinn er TARAMAR-húðlínan, sem sýnir yngri og þéttari húð á undraverðum tíma. ➔2





## Framhald af forsiðu →

Upphafi þessa verkefnis settum við okkur háleit markmið sem í fyrsta lagi skyldu tryggja að vörurnar væru afburða hreinar, og í öðru lagi svo virkar að árangurinn væri sjáanlegur með berum augum. Þannig vildum við vinna gegn öllum þeim stóru orðum sem snyrtivöruindustriinn hefur sent frá sér í gegnum tíðina og leggja það í hendur neytenda að meta árangurinn án þess að þurfa að trúa blint á það sem sagt er," segir dr. Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskavistfræði við Háskóla Íslands og frumkvöðull að baki íslensku Tamarar-húðvörum.

Guðrún stóð á fimmtugu þegar hún fór að sjá breytingar á andliti sínu.

„Sem líffræðingur, og oft vinnandi á sjó, var ég nú engin tiskuskvísa og lítið að pæla í útlitinu en þarna voru farnar að birtast hrukkur sem ég var ekkert hrifin af. Ég þoldi engar húðvörur á markaðnum og var því farin að lesa innihaldslýsingar aftan á umbúðum þeirra, mér til mikillar armæðu. Með minn bakgrunn í raunvísindum uppgötvaði ég að í húðvörur eru notuð virkilega ógeðsleg innihaldsefni, þar á meðal eitrefni sem ég nota til að fixera fiska og set á mig grímu, gleraugu og hanska til að meðhöndla. Slík efni, sem og mörg mjög ódýr efni, reyndust algeng í kremum sem fólk átti að bera á húð sína og á tímabili var ég full reiði út í snyrtivöruindustriinn og upptekin af því hversu aftengdur hann var orðinn neytendum á þeirri einu forsendu að græða á þeim.“

## Tímamótaupppfning

Guðrún hefur um margra ára skeið unnið með lífverur úr hafinu og haft löngun til að rannsaka sérstaka eiginleika þeirra. Rannsókn hennar á innihaldsefnum húðvara varð kveikjan að margra ára rannsóknar- og þróunarvinnu við Háskóla Íslands á nýrri tegund húðvara, sem eru hinar hreinu og lífvirku Tamarar-húðvörur sem draga úr sjáanlegum áhrifum öldrunar.

„Ég var von að setja þang í baðið hjá mér sem hafði góð áhrif á húðina. Ég hugsaði með mér hvernig hægt væri að setja þang í húðvöru án þess að breyta því eða blanda því saman við öll þessi skaðlegu og ógeðslegu innihaldsefni sem einkenndu flestar húðvörur sem ég hafði aðgang að. Það var mikil áskorun, því búa þurfti til aðferð við framleiðslu húðvara sem væri töluvert frábrugðin því sem tíðkaðist á markaðnum. Þetta var árið 2005, en það var ekki fyrir en fimm árum seinna að ég áttaði mig á að ég hafði í raun uppgötvað og hannað nýja aðferð við gerð húðvara, sem var ekki þekkt né notuð af öðrum húðvöruframleiðendum. Ég var þá stödd á sýningu á Ítalíu í leit að ákveðinni vél til verksins. Þegar ég spurði söluáðila: „Getur vélin þetta og hitt?“ þá litu þeir á mig í forundran: „Af hverju viltu það?!“ Þá skildi ég endanlega að ég var að nota tækni sem var ekki þekkt," segir Guðrún, sem í samstarfi við eiginmann sinn, dr. Kristberg Kristbergsson, prófessor í matvæla- og efnafraði, uppgötvaði nýja aðferð til að framleiða húðvörur.

„Við veltum lengi fyrir okkur hvernig við gætum búið til húðvörur sem væru eins og hrein matvæli og hægt væri að bera á húð og þess vegna borða. Erfiðasta áskorunin var rotvarnarefni, enda vandasamt að stöðva vöxt sveppa og baktería í kremum sem innihalda vatn. Við vildum alls ekki að óæskileg rotvarnarefni færu inn í



## Í tilefni konudags fæst TARAMAR-serúm gefins með hverju dagkremi.

líkamann og á endanum fundum við leið til að rotverja vörur án þess að nota þessi skaðlegu efni og erum nú að fá einkaleyfi fyrir upppfningunni, sem skilur okkur frá öllum öðrum. Aðferðin er afar einföld en þó hafði enginn hugsað út í hana fyrr," upplýsir Guðrún.

Öll húðvörulína Tamarar er búin til með þessari nýju aðferð.

„Það þýðir að við horfum á barnabörnin okkar borða kremin en það gerir okkur ekkert óróleg því við vitum að þau fá þá bara meira af andoxandi efnum.“

## Eins og unglundur á ný

Guðrún og Kristberg hafa nú fengið staðfestingu frá óháðri franskri rannsóknastofu sem prófaði vörurnar á tilraunahópum og mat á tölfræðilegan hátt hver virkinn væri.

„Í ljós kom að þær gera miklu meira en við höldum. Þær hafa áhrif á línur og hrukkur, hversu húðin er stinn og þétt, þær jafna hana og mjúka, og gera hana heilbrigðari í útliti. Mældir voru litatónar í húðinni og niðurstöður sýndu að eftir tveggja mánaða notkun á húðolíu Tamarar verður litarhaftið hraustlegra og húðin ljómar. Það passar við reynslu viðskiptavina okkar, eins og Maríu Ellingsen leikkonu, sem segir: „Ég hef eingöngu notað Tamarar kremin í heilt ár – og húðin orðin svo fin að ég þarf ekki lengur að nota andlistfarða dags daglega. Það er líka góð tilfinning að vita að í þessum kremum eru fá en sérvalin efni, öll holl og örugg fyrir líkamann. Svo skiptir það mig máli að með því að nota Tamarar er ég að styðja íslenskt kvenvit þar sem heildræn hugsun og ábyrgð gagnvart umhverfinu er lögð til grundvallar.“

„Niðurstöður sýndu fram á ótrúlegu hluti og margt sem við vissum ekki áður. Þetta er algjörlega vannýtt auðlind af mjög öflugum efnum sem eru eins og sköpuð fyrir húðina. Til dæmis kom í ljós að ein tegund þangs inniheldur efni sem stoppar niðurbrot á byggingarefnum húðarinnar. Þessi nýstárlega aðferð gerir okkur kleift að velja eingöngu efni sem hafa góð áhrif á húðfrumurnar, með því að fanga sundrefni, draga úr oxun og bólgum, styrkja kollagenþræði, viðhalda réttu raka- og sýrustigi og efla heilbrigð efnaskipti og bruna," upplýsir Guðrún.

## Efni sköpuð fyrir húðina

Segja má að upphaf Tamarar-húðvaranna hafi verið í rannsóknunum á matvælum. Kristberg og nemendur hans höfðu unnið lengi með lífvirk efni úr matvælum og þróað tækni til að ferja þessi efni inn á rétta staði í líkamann. Því lá beint við að nota sömu tækni við þróunina á húðvörum og því innihalda þær flestar náttúrulegar ferjur sem aðstoða við að koma lífvirku efnunum inn í húðina. Þannig var upptaka á efnunum rannsökuð með lífandi frumulíkönunum sem og hefðbundnum mælingum á oxun og lífvirkni.

„Niðurstöður sýndu fram á ótrúlegu hluti og margt sem við vissum ekki áður. Þetta er algjörlega vannýtt auðlind af mjög öflugum efnum sem eru eins og sköpuð fyrir húðina. Til dæmis kom í ljós að ein tegund þangs inniheldur efni sem stoppar niðurbrot á byggingarefnum húðarinnar. Þessi nýstárlega aðferð gerir okkur kleift að velja eingöngu efni sem hafa góð áhrif á húðfrumurnar, með því að fanga sundrefni, draga úr oxun og bólgum, styrkja kollagenþræði, viðhalda réttu raka- og sýrustigi og efla heilbrigð efnaskipti og bruna," upplýsir Guðrún.

## Húðin verður betri og betri

Tamarar-húðvörurnar eru ein af fáum íslenskum húðvöruvörum sem eru búnar til hér á landi og innihalda íslenskt vatn. Þær eru fullkomlega hreinar og öruggar, byggðar á lífvirkum efnum úr sjávarfangi og lækningajurtum.

„Við notum ferjur sem búnar eru til úr fosfórlípíðum, sem er byggingarefni húðfruma í líkamannum. Þær virka þannig að lífvirku efni



## TARAMAR er einstök upppfning.

er pakkað inn í annað lífvirkt efni sem tengist húðfrumunum og opnar leið fyrir efnin inn í húðina. Það breytir öllu," segir Guðrún og tekur dæmi um Tamarar-dagkrem með Q10.

„Oft þegar fólk byrjar að nota kremið roðnar húðin lítillaga þegar Q10 fer inn í húðfrumurnar og örvar þannig efnaskiptin í húðinni. Þegar við eldum og höfum kannski notað mikið af farða og erfiðum kremum, sem liggja á húðinni, verða frumurnar latar, því svo mikið af úrgangs- og eitrandi efnum hafa safnast fyrir og hafa þannig áhrif á bruna og efnaskipti í frumunum. Dagkremið okkar er hannað til að sparka aðeins í húðfrumurnar og endurræsa þær svo þær losi sig við úrgangsefni. Eftir nokkra mánuði kemur í ljós húð sem ekki hefur sést í langan tíma og það er rosalega merkileg upplifun," segir Guðrún, sem hefur sjálf notað Tamarar-húðvörur síðan 2012.

„Ég er nú orðin 64 ára gömul og er enn að sjá breytingar á húðinni. Það gerir mig ákaflega glaða og mér finnst húðin verða betri og betri!“

## Vísindi, náttúra og sjálfbærni

Nafngiftin Tamarar á sér skirskotun í alheimsmóðurina Töru sem þekkt er í öllum trúarbrögðum heims, þar á meðal sem María Mey í kaþólsku.

„Tara er gríðarlega öflug ljósvera og miðlar samkennd og kærleika. Tara er sú sem maður getur kallað á þegar gefur á bátinn og mann vantar öxl til að gráta á. Mar tengir okkur við hafið því verkefni eru öll tengd hafinu og flestar vörurnar innihalda efni úr sjó. Það var svo löngu áður en ég hóf að vinna með lífvirk efni að ég vann sem fiski-fræðingur á sjó og heyrði sögur frá

**Dr. Guðrún Marteinsdóttir uppgötvaði áður óþekkta aðferð við framleiðslu hreinna og náttúrulegra húðvara. Hún segir húð sína verða sífellt unglefri með notkun kremanna og þróaði meðal annars augnkrem sem þéttir og lyftir fellingum á augnlökum svo um munar á einum mánuði.**

FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN

sjómönnum sem notuðu efni úr sjávarfangi til að slá á verki eða ná sér í meiri orku á löngum vöktum. Þetta fléttast því allt saman og jók áhuga minn á að þróa sum af þessum efnum inn í tilbúnar vörur sem færu á markað," segir Guðrún.

Lógó Tamarar er líka úthugsað; þrjú hringir sem vefjast saman og standa fyrir vísindin, náttúruna og sjálfbærni, sem og hreinleika.

„Talan þrjú er merkileg og stendur meðal annars fyrir efnisbirtingu hugmynda í efninu. Hún táknað einnig hina heilögu þrenningu og ekki síst okkur sjálf; sálina, egóid og líkama. Sagt er að hlutverk manna sé að tengja þessa þætti saman en líkaminn vill oft gleymast og hér erum við að hjálpa líkamannum að ná veliðan, slökun og auknu heilbrigði og stuðla þannig að samþættingu allra þátta.“

## Fellingarnar hurfu á mánuði

Ásamt húðlinunni Tamarar Beauty hafa Guðrún og Kristberg gert barnalínuna Tarakids sem hlotið hefur gullverðlaun Baby and Toddler's Awards.

„Tamarar-vörurnar eru engum líkar og viðtökurnar hafa verið gríðarlega góðar, ekki síst við aðferðinni sem við uppgötvaðum á heimsvísu," segir Guðrún.

Hún nýtur þess að fylgjast með umsögnum þeirra sem nota Tamarar.

„Það er skemmtilegast að heyra ótrúlega sögur um áhrif Tamarar og vörurnar eru að leysa svo mörg vandamál hjá mörgum. Sjálf er ég engin tiskudama en var komin með hvímléiðar fellingar yfir augnlokini. Ég vissi að sumar yfinkvenna minna höfðu látið skera þær í burtu en ákvað fyrst að reyna að þróa augnkrem sem myndi draga úr þessum fellingum. Það tókst svo vel að ég er ekki enn farin í uppskurð, efnin eru úr alparós og þangi og þetta húðina svo vel að á einum mánuði má sjá millimetra breytingar á fellingunum. Öll þessi efni eru að koma úr náttúrunni, þar er svo mikið sem eftir á að uppgötva!“

Í tilefni konudagsins fæst Tamarar-serúm gefins með hverju dagkremi sem verslað er á tamarar.is. Tamarar fæst einnig í Fríhöfninni, Sápunni á Laugavegi, Urðarapóteki, Lyfsalanum, Íslandsapóteki og Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ og Akureyri. Sjá nánar á tamarar.is.